

## **Stjórnarfundur GHG þriðjudaginn 20.01.2015 kl. 19:30 í golfskála – nr. 2**

Mættir: Auðunn, Össur, Morten, Erlingur, Ólafur, Steingrímur, Hjörtur og Ingibjörg.

Fjarverandi voru Alfreð og Sveinbjörn.

Formaður setti fundinn og hélt smá hvatningartölu.

Hvatti meðal annars til góðrar samvinnu og að skapað verði sátt og trúnaður. Helstu ákvarðanir séu bókaðar og ekki sé verið að vitna í annað enn það sem hefur verið ákveðið á stjórnarfundum.

### **1. Afgreiðsla fundargerðar frá 31. Des og (9. Des).**

Fundargerðir voru samþykktar án athugasemda.

### **2. Innheimta árgjalda - innheimtureglur.**

Eftirfarandi reglur voru samþykktar og jafnframt var ákveðið að benda félagsmönnum á þann möguleika að sækja um styrki til síns stéttarfélags og eða vinnuveitanda.

***Boðið er uppá eftirfarandi leiðir til að gera skil á árgjaldinu:***

#### ***1. Greiðsla með einni greiðslu án alls kostnaðar með bankamillifærslu í síðasta lagi föstudaginn 13. febrúar 2015 inn á bankareikning GHG:***

***Bankareikningur 314-26-925***

***Kennitala GHG 570893-2389***

***Mikilvægt er að kennitala félaga komi fram í tilvísun.***

***Staðfesting fyrir greiðslu verði send í tölvupósti til [ghg@ghg.is](mailto:ghg@ghg.is)***

#### ***2. Greiðslu skipt á þrjá greiðsluseðla sem birtist líka í heimabanka.***

***Gjalddagar 1. febrúar, 1. mars og 1. apríl og eindagar 15. dag sama mánaðar.***

***Kostnaður vegna greiðsluseðla greiðist af greiðanda.***

#### ***3. Greiðsla með greiðslukorti og greiðslum skipt í allt að sex greiðslur.***

***Miðað skal við að lokagreiðsla berist í síðasta lagi í byrjun ágúst.***

***Kostnaður kortafyrirtækis greiðist af greiðanda.***

#### ***4. Greiðsla með einni greiðslu með greiðsluseðli sem birtist líka í heimabanka.***

***Gjalddagi 15. febrúar og eindagi 2. mars.***

***Kostnaður vegna greiðsluseðils greiðist af greiðanda.***

***Þeir sem vilja nýta sér leið 1 þurfa að greiða fyrir 13. febrúar 2015.***

***Þeir sem vilja nýta sér leið 2 eða 3 verða að tilkynna valda leið með tölvupósti til [ghg@ghg.is](mailto:ghg@ghg.is) í síðasta lagi 1. febrúar 2015.***

***Þeir sem ekki hafa samband fá greiðsluseðil skv. leið 4.***

***Félagar fá reikning fyrir árgjaldinu þegar það hefur verið greitt.***

***Ef engin ofangreind leið hentar verði það tilkynnt með tölvupósti til [ghg@ghg.is](mailto:ghg@ghg.is) eða haft samband við formann GHG.***

### 3. Áform um viðræður við Jarðeignir ríkisins um leigusamning.

Ágætis umræður voru um hugmyndir húsnefndar og framkvæmdarstjórnar og nokkrar vangaveltur um verðmæti og hugsanleg kaup. Samþykkt var að fara áfram til fundar við Jarðeignir ríkisins með þær hugmyndir sem komnar eru á blað.

Málið hefur verið á höndum húsnefndar og framkvæmdastjórnar.

Á þessu stigi er stefnt að því að nálgast málið út frá eftirfarandi markmiðum:

- Að fá vissu um afmörkun leigulandsins.
- Að verja verðmæti sem skapast við framkvæmdir við fasteignir.

Fyrir liggja teikningar frá Verkfræðistofu Suðurlands sem stefnt er að því að nýta við að fá vissu um afmörkun landsins.

Til að verja verðmæti framkvæmda hafa verið ræddar þrjár leiðir sem væri hægt að ræða við Jarðeignir ríkisins um:

- Gerð verði áætlun um fyrirhugaðar framkvæmdir og Jarðeignir ríkisins sem eigandi eignanna greiði framkvæmdakostnað.
- Gerður verði viðauki við leigusamning sem feli í sér að framlag klúbbsins til endurbóta fasteignanna verði viðurkennt og við lok leigutíma verði framkvæmdir metnar og leigjanda greiddar bætur (framkvæmdirnar keyptar af klúbbum).
- Klúbburinn kaupi fasteignirnar, lóð undir þeim verði afmörkuð og gerður sérstakur lóðarleigusamningur til 50 ára, framseljanlegur og veðsetjanlegur. Talið er líklegt að lóðarleiga yrði 4% af lóðarmati. Fram hefur komið sú hugmynd að undanskilja íbúðarhúsið þessum kaupum, enda talið líklegt að kaupverð þess yrði stór hluti af heildarverðinu.

Að svo stöddu er ekki talið skynsamlegt að leggja áherslu á framlengingu leigusamningsins. Það verði gert þegar 5 – 10 ár verði eftir af leigutímanum (nú eru eftir 15 ár).

Einnig þarf að huga að ónýttum tjónabótum eftir jarðskjálfta sem ríkið hefur fengið greitt en ekki hefur verið ráðstafað í endurbætur.

### 4. Skipan nefnda.

#### Kvennanefnd

Ingibjörg Mjöll Pétursdóttir, formaður  
Helga Svanlaug Bjarnadóttir  
Kolbrún Bjarnadóttir  
Þórdís Geirsdóttir

#### Vallarnefnd

Erlingur Arthursson, formaður  
Hafsteinn E Hafsteinsson  
Ólafur Dór Steindórsson  
Sigurður Hlíðar Dagbjartsson  
Sigmundur Guðnason

### **Mótanefnd**

Ólafur Ragnarsson, formaður  
Hjörtur Árnason  
Birgir Rúnar Steinarsson Busk  
Ólafur Dór Steindórsson  
Arnar Geir Helgason  
Sigurður Hlíðar Dagbjartsson  
Harpa Rós Björgvinsdóttir  
Erlingur Arthursson sem ráðgjafi

### **Barna- og unglinganefnd**

Auðunn Guðjónsson, formaður  
Jóna Guðjónsdóttir  
Jón Bjarni Sigurðsson  
Guðjón Helgi Auðunsson

### **Forgjafar- og laganefnd**

Alfreð Maríusson, formaður  
Ingibjörg Mjöll Pétursdóttir

### **Útbreiðslunefnd**

Össur Friðgeirsson, formaður  
Einar Lyng Hjartarson  
Þórdís Geirsdóttir  
Snorri Finnlaugsson  
Birgir Rúnar Steinarsson Busk

### **Húsnefnd**

Morten Geir Ottesen, formaður  
Sveinbjörn Sveinbjörnsson  
Haukur Logi Michelsen

Fundurinn samþykkir samhljóða skipan nefnda

Ekki liggja fyrir tillögur um fullskipaða skemmtinefnd og afreksnefnd, en stefnt að skipan þeirra á næsta stjórnarfund.

## **5. Starfsáætlanir 2015.**

Samþykkt var að nefndirnar legðu fram starfsáætlun fyrir næsta fund og fengu allir hugmyndir af slíkri áætlun til að vinna með.  
Almenn ánægja fundarmanna var með hugmyndum um æfingarsvæðið og fjáröflun sem Steingrímur ætlar að vinna með afreksnefndinni.

## **6. Fundargerðir framkvæmdastjórnar til umræðu.**

Formaður reifaði fundargerðir framkvæmdarstjórnar frá 7. janúar og 14. janúar sem hafa verið sendar fundamönnum til yfirlstrar. Engar athugasemdir við þær en fyrirspurn frá Hirti um hvernig sorphirðumálin standa.

## **7. Önnur mál**

Morten spurðist fyrir um starfsmannamál fyrir sumarið það er í skoðun.

Hjörtur spurðist fyrir um samning við Landsvirkjun.

Stefnt er að hafa stjórnarfundir á þriðjudögum á svipuðum tíma á fjögurra vikna fresti og væntanlega næst 17. febrúar

Fundi slitið kl. 21:00

Fundargerð skráði Ingibjörg Pétursdóttir